

Borgarstjórn
1. september 2020

Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um kostnaðarþátttöku Reykjavíkurborgar vegna ljósleiðaravæðingar dreifbýlis í Reykjavík

Borgarstjórn samþykkir að Reykjavíkurborg leggi tafarlaust út fyrir 20% af kostnaði fjarskiptasjóðs vegna ljósleiðaravæðingar dreifbýlis í Reykjavík svo heimili í dreifbýli fái þessa grunnþjónustu fyrir veturinn. Nú þegar hafa 80% af framlagi sjóðsins verið greidd samkvæmt samningi aðila sem undirritaður var 12. júní sl. Lagt er til að inntaksgjald sem húseigendur/íbúar þurfa að greiða eða eiga að greiða til fjarskiptafélagsins að upphæð 100.000 kr. sem inntaksgjald verði greitt af borginni svo gætt sé jafnræðis milli íbúa í allri Reykjavík.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti á fundi 23. júlí sl. að heimila umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna ljósleiðaravæðingar dreifbýlis í Reykjavík og átti það að fara fram í júlí. Um er að ræða framkvæmdir m.a. á Kjalarnesi, Alfnesi, Úlfarsfelli, Hólmsheiði og Elliðavatnslandi. Heildarkostnaður við verkið er áætlaður rúmar 112 milljónir og þar af er áætlaður hluti Reykjavíkurborgar 50 milljónir og hlutur fjarskiptasjóðs í formi styrks tæpar 50 milljónir samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg. Sækja á afganginn í vasa húseigenda/íbúa sem er afar ósanngjarn ef litið er til jafnræðis íbúa Reykjavíkur sem hafa fengið tenginguna frítt og mun fyrr. Framkvæmdum á ekki að vera lokið fyrr en 1. apríl 2021, þrátt fyrir flýtingu verkefnisins. Það er of seint og þolir verkið ekki bið m.a. vegna óvissu í samfélaginu þegar heilu vinnustöðunum og skólum er lokað vegna smitakningar og skilyrða um sóttkví. Bæði fullorðnir, börn og ungmenni verða að hafa greiðan aðgang að netinu á þessu svæði eins og annars staðar í höfuðborginni í ljósi þessa. Því er lagt til að Reykjavíkurborg leggi einnig út fyrir þeim hluta sem kemur frá fjarskiptasjóði og bíði endurgreiðslu frá sjóðnum, í stað þess að íbúar þurfi að bíða eitt árið enn eftir nettengingu. Það fjármagn er fast í hendi samkvæmt samningnum. Samkvæmt þingsályktun 2020: <https://www.althingi.is/altext/150/s/1181.html> 28/150, fékk Reykjavíkurborg fjármagn úr fjarskiptasjóði.

Fylgiskjal: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/5_ljosleidaravaeding_dreifbylis_i_reykjavik.pdf